

4. gr.

Ríkisstjórnin getur falið nefnd, er hún skipar, að fara með það vald, er henni er veitt samkvæmt lögum þessum.

49

12. sept.

5. gr.

Með reglugerð, er ríkisstjórnin setur, er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, er við kemur framkvæmd þessara laga, þar á meðal um greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 10 1. febrúar 1936, og bráðabirgðalög frá 29. ágúst 1939.

7. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100000 krónum, eða fangelsi ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. september 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

50

18. sept.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Viðskiptamálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að vegna ófriðarins í Norðurálfu, sem nú geisar, hafi viðhorfið breytzt mjög frá því, er var þegar lög nr. 10 4. apríl 1939 voru sett, og þykir því eigi rétt að ákveða nú sölu-gengi erlends gjaldeyris á þann hátt, sem gert er í 1. gr. þeirra laga. Ennfremur, að nú þykir ástæða til, sökum hins óvenjulega ástands, að heimila að greiða sjómönnum sérstaka stríðsáhættuþóknun og kaupa handa þeim sérstaka stríðstryggingu, þrátt fyrir bannið í 3. gr. sömu laga. — Með því að svo er ástátt, sem að framan segir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. grein stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 10 4. apríl 1939 komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Ef gengi sterlingspunds gagnvart dollar breytist, þannig að færri dollarar verði í

50 sterlingspundi en 4.15, skal sölugengi erlends gjaldeyris þó ákveðast þannig, að sölu-
18. sept. gengi dollars verði kr. $\frac{27.00}{4.15}$ og annars erlends gjaldeyris í samræmi við það.

2. gr.

Aftan við 3. gr. sömu laga komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Heimilt er þó, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiða sjómönnum á ófriðar-
tímum sérstaka stríðsáhættuþóknun og kaupa handa þeim sérstaka stríðstryggingu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 18. september 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

51
6. okt.

um breyting á lögum nr. 70 frá 31. des. 1937, um verðlag á vörum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Viðskiptamálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir, að almennt verði hækkuð álagning á vörur. Sökum hins óvenjulega ástands, sem ófriðurinn hefir orsakað, teljum Vér brýna nauðsyn til þess að gefa út bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 70 31. des. 1937, hér að lútandi, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Á eftir 5. gr. laga nr. 70 31. des. 1937 komi ný grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi, og eftirfarandi greinatala breytist samkvæmt því:

Bannað er að hækka hundraðshluta álagningar á vörum fram yfir það, sem tíðkaðist í viðkomandi vöruflokkum fyrir 1. sept. síðastliðinn, nema með sérstöku leyfi verðlagsnefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 6. október 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.